



Reykjavík, 12. apríl 2024

MSS24040055

ÓM

Borgarráð

Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um óháða úttekt á þjónustu- og nýsköpunarsviði

Á fundi borgarstjórnar þann 9. apríl 2024 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Flokks fólksins til meðferðar borgarráðs:

Borgarstjórn samþykkir að gerð verði óháð úttekt á þjónustu- og nýsköpunarsviði varðandi hagræðingu og framtíðarskipulag sviðsins.

Það tilkynnist hér með

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar lögðu fram svohljóðandi bókun:

Árangur af þeirri stafrænu þjónustuumbreytingu sem unnin hefur verið á þjónustu- og nýsköpunarsviði á síðustu árum hefur verið gífurlegur og langt fram úr væntingum. Það hefur bætt þjónustu við íbúa og gert borginni kleift að nýta betur tíma, fjármagn og mannauð, auk þess sem gagnainnviðir borgarinnar eru loksins komnir á þann stað að þeir bæti starfsemi, auki yfirsýn og geri úrbætur og samþættingu auðveldari. Farið hefur verið í úttektir á sviðinu, bæði af hálfu innri endurskoðunar og ytri aðila, og þær hafa nýst vel til að bæta starfseminu. Ekkert er hæft í síendurteknum ásökunum Flokks fólksins um misferli eða óráðsú og sú vegferð er ópolandi aðför að fagfólki og embættismönnum borgarinnar. Það er hins vegar ekkert því til fyrirstöðu að þessu máli sé vísað til borgarráðs þar sem hægt er að leggja fram til upplýsingar samantekt á þeim úttektum sem gerðar hafa verið.

Helga Björk Laxdal

e.u.

Hjálagt: Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins



Reykjavík